

Námsvísir 2022-2023

6. bekkur

Námsgrein: Enska

Kennari: Þórhildur Eypórsdóttir



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið / Hæfniviðmið

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaproska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Sívaaxandi samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu m.a. í viðskiptum og í upplýsinga- og margmiðlunarheiminum. Hæfniviðmiðunum í tungumálanámi er skipt upp í þrjú stig í stað þess að þau miði við hæfni við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Gert er ráð fyrir að við lok grunnskóla hafi nemendur náð hæfni á 3. stigi.

Grunnþættir tungumála eru lesskilningur, ritun, hlustun og talað mál (frásögn og samskipti) en að auki er lögð áhersla á menningarlæsi og námshæfni nemenda. Unnið er eftir lykilhæfni og hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla:

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-20>

Kennsluaðferð / vinnulag

Áfram er bætt við orðaforða og mikil áhersla lögð á talað mál og hlustun en ritunar- og lesskilningsverkefni bætast við.

Unnið er í einstaklings-, para- og hópavinnu eftir innlögn kennara.

Námsmat

Öll vinna nemenda er metin; þátttaka í tímum, verkefnavinna og verkefnaskil.

Námsgögn

Yes we can 5 – Lesbók og vinnubók

Hickory, Dickory, Dock

Málfræðihefti B

Ýmiss konar ítarefni